

L Ö G

um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda, skal við útflutning saltfisks greiða sjóðgjald, er nemi 6% — sex af hundræði — miðað við fob-verð, af verðmæti hans, hvernar tegundar og á hvaða verkunarstigi sem hann er.

Um innheimtu á slíku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70 27. júní 1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal atvinnumálaráðherra með reglugerð ákveða nánar um reikningsskil sjóðstjórnar, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.

2. gr.

Tekjum þess sjóðs, sem þannig kann að myndast, skal varið, eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkaði, til verðjöfnunar, og til annara nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstjórnin ákveður.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal skipa sjóðnum 9 manna stjórn, þannig: Atvinnumálaráðherra skipar 1 mann, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar. Hinir stjórnarmennirnir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra fjögurra þingflokka, sem nú skipa Alþingi, þannig, að hver þingflokkur tilnefnir 2 menn. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra og setur reglugerð um starfsemi þeirra.

4. gr.

Nú verður afgangur af tekjum sjóðsins, eftir að þeim hefir verið varið samkvæmt 2. gr., og skal þá skipta því fé, sem ónotað er, milli saltfiskútflytjenda í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett eru samkvæmt 1. gr., varða sektum allt að 200 kr. fyrir hvert tonn fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

75

29. des.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 29. desember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

76

29. des.

um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjö manna fiskimálanefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, en hinir sex skulu tilnefndir af þessum aðilum, einn af hverjum: Alþýðusambandi Íslands, botnvörpuskipaeigendum, Fiskifélagi Íslands, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og Sambandi isl. samvinnufélaga.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafn margir varamenn eftir tilnefningu sömu aðilja. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi. Stofnanir þær, sem tilnefna menn í nefndina, geta þó skipt um aðalmenn og varamenn að ári liðnu frá síðustu tilnefningu, enda komi samþykki ráðherra til.

Nú vanrækir einhver framangreindra stofnana að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Nefndin kys sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa, af þau verða fyrirskipuð. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með